

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2012/EES/32/13
nr. 1111/2011**

frá 3. nóvember 2011

**um leyfi fyrir *Lactobacillus plantarum* (NCIMB 30236) sem fóðuraukefni fyrir
allar dýrategundir (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir *Lactobacillus plantarum* (NCIMB 30236). Umsókninni fylgdu þær upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Umsóknin varðar leyfi fyrir *Lactobacillus plantarum* (NCIMB 30236), í aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir.
- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 14. júní 2011 ⁽²⁾ að við tillögð notkunar-

skilyrði hafi *Lactobacillus plantarum* (NCIMB 30236) ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og blandan geti mögulega bætt framleiðslu á vottfóðri úr öllum fóðurjurtum með því að lækka sýrustig og auka geymsluþol þurrefna og prótína. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina aukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

- 5) Mat á *Lactobacillus plantarum* (NCIMB 30236) sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMBÝKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „íblöndunarefni til vottfóðursverkunar“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóðri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. nóvember 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 287, 4.11.2011, bls. 30. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

⁽²⁾ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2011 9(6), 2275.

VIÐAUKI

| Kenninúmer aukefnisins | Nafn leyfishafa | Aukefni | Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð | Tegund eða flokkur dýra | Hámarksaldur | Lágmarksinnihald | Hámarksinnihald | Önnur ákvæði | Leyfi rennur út |
|---|--------------------|--|--|----------------------------|--------------|--------------------------------------|-----------------|--|-----------------|
| | | | | | | Þyrpingafjöldi (CFU)/kg fersks efnis | | | |
| Flokkur tæknilegra aukefna. Virkur hópur: íblöndunarefni til votfóðursverkunar. | | | | | | | | | |
| 1k2073 | — | <i>Lactobacillus plantarum</i> (NCIMB 30236) | <p><i>Samsetning aukefnis</i></p> <p>Blanda með <i>Lactobacillus plantarum</i> (NCIMB 30236) sem inniheldur að lágmarki $1,2 \times 10^{11}$ CFU/g aukefnis.</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i></p> <p><i>Lactobacillus plantarum</i> (NCIMB 30236).</p> <p><i>Greiningaraðferð</i> ⁽¹⁾</p> <p>Ákvörðun á heildarfjölda í fôðuraukefninu: yfirborðsræktun: EN 15787. Samgreining: með rafdrætti á geli í púlssviði (PFGE)</p> | Allar dýrategundir | — | — | — | <ol style="list-style-type: none"> Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita og geymsluþol. Lágmarksskammtur aukefnis ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum til votheysverkunar: $2,4 \times 10^8$ CFU/kg fersks efnis. Varðandi öryggi: Mælt er með að nota öndunarvörn og hlífðarhanska við meðhöndlun. | 24.11.2021 |
| ⁽¹⁾ Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunar: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx | | | | | | | | | |